

REGLUGERÐ

um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 11. nóvember 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/392/EB frá 30. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar upplýsingasíðu á Netinu til að gera upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar aðgengilegar með rafrænum hætti.

2. gr.

Ofangreind ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, lög nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008 um fiskeldi, lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Um þvingunarræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir, laga nr. 71/2008 um fiskeldi, laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. mars 2013.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRDUN**

framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar upplýsingasiðu á Netinu til að gera upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar aðgengilegar með rafrænum hætti

(tilkynnt með númeri C(2008) 1656)

(Texti sem varðar EES)

(2008/392/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 59. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um heilbrigðiskröfur sem skulu gilda um setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og um innflutning og umflutning þeirra og lágmarksforvarnarráðstafanir (áður *fyrirbyggjandi lágmarksráðstafanir*) sem miðast að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda, stjórnenda lagareldisfyrirtækja og annarra sem tengjast þessum iðnaði, að því er varðar sjúkdóma í lagareldisdýrum.

2) Til að bæta forvarnir gegn uppkomu og útbreiðslu þeirra sjúkdóma sem eru skráðir í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, skulu aðildarríkin gera upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar tiltækar á rafrænum formi, einkum um tegundir dýra sem eru haldin og heilbrigðisástand þeirra.

3) Gögnin eru sem stendur aðgengileg öllum í skrár sem aðildarríkin halda skv. 6. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

4) Til að stuðla að rekstrarsamhæfi upplýsingakerfa og notkun rafrænna aðferða í samskiptum milli aðildarríkja og til að tryggja gagnsæi og skiljanleika er mikilvægt að upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar séu settar fram á samræmdan hátt í gervöllu Bandalaginu. Frá tæknilegu sjónarmiði er upplýsingasiða á Netinu hagkvæmasta lausnin þar eð hún tryggir auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum og krefst ekki of mikilla tilfanga. Því skal útbúa fyrirmynd að útfærslu þessarar upplýsingasiðu á Netinu.

5) Í II. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er fastsett hvaða upplýsinga skuli krafist í skránni yfir lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar. Þar eð tilgangur upplýsingasiðunnar á Netinu er að stuðla að rekstrarsamhæfi viðkomandi upplýsinga sem eru færðar í skrárnar sem aðildarríkin hafa komið sér upp yfir lagareldisfyrirtæki, þarf vefsetrið ekki nauðsynlega að innihalda allar þær upplýsingar. Þó skal það innihalda allar þær upplýsingar sem skipta máli til að bera kennsl á allar takmarkanir á viðskiptum vegna mismunandi heilbrigðisástands.

6) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um, þrátt fyrir kröfuna um leyfi sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, að aðildarríkjum sé eingöngu heimilt að krefjast skráningar hjá lögbæru yfirvaldi þegar um er að ræða mannvirki, að undanskildum lagareldisfyrirtækjum, þar sem lagardýr eru haldin án þess að þau séu ætluð til setningar á markað, í sleppivötn og lagareldisfyrirtæki sem afhenda til neytenda á staðnum.

7) Áhætta á útbreiðslu lagardýrasjúkdóma sem stafar af mannvirkjum, sleppivötnum og lagareldisfyrirtækjum sem, þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eru skráð af lögbæra yfirvaldinu, fer eftir eðli, eiginleikum og staðsetningu þeirra. Því skulu aðildarríkin ákveða að hvaða leyti upplýsingar um þessi mannvirki, sleppivötn og lagareldisfyrirtæki skuli koma fram á upplýsingasiðunni á Netinu.

8) Þar eð veita skal aðildarríkjum nægan tíma til að færa allar viðeigandi upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar inn á upplýsingasiðuna á Netinu, skal kveðið á um að þessar upplýsingar verði aðgengilegar eigi síðar en 31. júlí 2009.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur um upplýsingasiðu á Netinu sem aðildarríkin skulu koma á fót til að gera upplýsingar um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar aðgengilegar með rafrænum hætti í samræmi við 59. gr. ákvörðunar 2006/88/EB.

2. Þessi ákvörðun gildir að breyttu breytanda um mannvirki, sleppivötn og lagareldisfyrirtæki sem eru, þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skráð af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 4. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, með fyrirvara um aðra undirgrein 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Upplýsingasiða á Netinu

1. Aðildarríkin skulu koma á fót upplýsingasiðu á Netinu (hér á eftir nefnd upplýsingasiðan á Netinu) til að gera aðgengilegar upplýsingar um eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði lagareldisfyrirtækja og viðurkenndra vinnslustöðva, sem eru viðurkennd í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Aðildarríkin ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvaða mannvirki, sleppivötn og lagareldisfyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., skuli skráð á upplýsingasiðunni á Netinu, með tilliti til áhættunnar á útbreiðslu lagardýrasjúkdóma vegna starfsemi slíkra mannvirkja, sleppivatna og fyrirtækja á grundvelli eðlis þeirra, eiginleika og staðsetningar.

2. Aðildarríkin skulu setja upplýsingasiðuna á Netinu upp í samræmi við fyrirmyndir sem mælt er fyrir um í eftirfarandi viðaukum:

a) Ákvæði I. viðauka varðandi lagareldisfyrirtæki sem halda fisk,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

b) Ákvæði II. viðauka varðandi lagareldisfyrirtæki sem halda lindýr,

c) Ákvæði III. viðauka varðandi lagareldisfyrirtæki sem halda krabbadýr,

d) Ákvæði IV. viðauka varðandi vinnslustöðvar sem slátra lagareldisdýrum vegna sjúkdómsvarna, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

3. Aðildarríkin skulu halda upplýsingasiðunni á Netinu uppfærðri til samræmis við upplýsingarnar í skránni sem er haldin skv. 6. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Breytingar á heilbrigðisástandi skal færa inn á upplýsingasiðuna á Netinu um leið og skráð heilbrigðisástand hefur breyst.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um veffang upplýsingasiðunnar á Netinu.

3. gr.

Gildistöku dagur

Ákvörðun þessi gildir frá 1. ágúst 2008.

Þó skulu upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og í I. til IV. viðauka, vera komnar í heild sinni inn á upplýsingasiðuna á Netinu eigi síðar en 31. júlí 2009.

4. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassiliou

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR LAGARELDISFYRIRTÆKI SEM HALDA FISK
(SEM UM GETUR Í a-LIÐ 2. MGR. 2. GR.)

Upplýsingar í samræmi við 59. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Upplýsingar	Eldisstöð 1	Eldisstöð 2
1. Lagareldisfyrtæki	1.1.1. Heiti: — lagareldisfyrtækis — eldisstöðvar 1.1.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar	1.2.1. Heiti: — lagareldisfyrtækis — eldisstöðvar 1.2.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar
2. Skráningarnúmer (fyrir hverja eldisstöð)	2.1.	2.2.
3. Landfræðileg lega og hnitakerfi (fyrir hverja eldisstöð)	3.1.	3.2.
4. Tegundir dýra sem eru haldin ⁽¹⁾ (fyrir hverja eldisstöð og með tilliti til næmleika hennar fyrir tilteknum sjúkdómum)	4.1.1. Veirublæði NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.1.2. Iðradrep NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.1.3. Skjónakarpaherpesveiki NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.1.4. Blóðþorri NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar	4.2.1. Veirublæði NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.2.2. Iðradrep NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.2.3. Skjónakarpaherpesveiki NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.2.4. Blóðþorri NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar
5. Viðurkennt heilbrigðisástand (fyrir hverja eldisstöð) ⁽²⁾	5.1.1. Veirublæði 5.1.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.1.2. Eftirlitsáætlun gildir 5.1.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.1.4. Annað 5.1.2. Iðradrep 5.1.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.2.4. Annað 5.1.3. Skjónakarpaherpesveiki 5.1.3.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.3.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.3.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.3.4. Annað 5.1.4. Blóðþorri 5.1.4.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.4.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.4.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.4.4. Annað 5.1.5. Brisdrep ⁽³⁾ 5.1.5.1. Lýst sjúkdómslaus	5.2.1. Veirublæði 5.2.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.1.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.1.4. Annað 5.2.2. Iðradrep 5.2.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.2.4. Annað 5.2.3. Skjónakarpaherpesveiki 5.2.3.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.3.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.3.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.3.4. Annað 5.2.4. Blóðþorri 5.2.4.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.4.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.4.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.4.4. Annað 5.2.5. Brisdrep ⁽³⁾ 5.2.5.1. Lýst sjúkdómslaus

	5.1.5.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.5.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.5.4. Annað 5.1.6. Roðflyðrusníkill ⁽³⁾ 5.1.6.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.6.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.6.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.6.4. Annað 5.1.7. Nýrnaveiki ⁽³⁾ 5.1.7.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.7.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.7.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.7.4. Annað 5.1.8. Aðrir sjúkdómar ⁽⁴⁾ 5.1.8.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.8.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.8.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.8.4. Annað	5.2.5.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.5.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.5.4. Annað 5.2.6. Roðflyðrusníkill ⁽³⁾ 5.2.6.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.6.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.6.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.6.4. Annað 5.2.7. Nýrnaveiki ⁽³⁾ 5.2.7.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.7.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.7.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.7.4. Annað 5.2.8. Aðrir sjúkdómar ⁽⁴⁾ 5.2.8.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.8.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.8.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.8.4. Annað
6. Tegund eldisstöðvar (fyrir hverja eldisstöð) ⁽²⁾	6.1.1. Sjór: búr/hólf/kvíar 6.1.2. Sjór: tjarnir 6.1.3. Sjór: tankar/lengdarstraumsrennur 6.1.4. Sjór: lokuð hringrás 6.1.5. Ferskvatn: búr/hólf/kvíar 6.1.6. Ferskvatn: tjarnir 6.1.7. Ferskvatn: Tankar/lengdarstraumsrennur 6.1.8. Ferskvatn: lokuð hringrás 6.1.9. Rannsóknarstöð 6.1.10. Sóttvarnaraðstaða 6.1.11. Annað	6.2.1. Sjór: búr/hólf/kvíar 6.2.2. Sjór: tjarnir 6.2.3. Sjór: tankar/lengdarstraumsrennur 6.2.4. Sjór: lokuð hringrás 6.2.5. Ferskvatn: búr/hólf/kvíar 6.2.6. Ferskvatn: tjarnir 6.2.7. Ferskvatn: Tankar/lengdarstraumsrennur 6.2.8. Ferskvatn: lokuð hringrás 6.2.9. Rannsóknarstöð 6.2.10. Sóttvarnaraðstaða 6.2.11. Annað
7. Framleiðsla í eldisstöðvum (fyrir hverja eldisstöð) ⁽²⁾	7.1.1. Klakstöð 7.1.2. Uppeldisstöð 7.1.3. Undaneldisstofn 7.1.4. Eldi til manneldis 7.1.5. Sleppivötn 7.1.6. Annað	7.2.1. Klakstöð 7.2.2. Uppeldisstöð 7.2.3. Undaneldisstofn 7.2.4. Eldi til manneldis 7.2.5. Sleppivötn 7.2.6. Annað

⁽¹⁾ Smitnæmar tegundir og tegundir sem eru smitferjur eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

⁽²⁾ Merkja skal við reitinn „Annað“ ef eldisstöðin fellur undir útrýmingaráætlun eða varnaráðstafanir skv. 3., 4., 5. eða 6. lið V. kafla tilskipunar 2006/88/EB.

⁽³⁾ Gildir eingöngu fyrir aðildarríki, svæði eða hólf sem eru skráð í I. eða II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB (Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5) að því er varðar þann sjúkdóm.

⁽⁴⁾ Gildir eingöngu fyrir aðildarríki, svæði eða hólf með ráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

⁽⁵⁾ Merkja má við tvo eða fleiri reiti.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR LAGARELDISFYRIRTÆKI SEM HALDA LINDÝR
(SEM UM GETUR Í b. LIÐ 2. MGR. 2. GR.)

Upplýsingar í samræmi við 59. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Upplýsingar	Eldisstöð eða eldissvæði 1	Eldisstöð eða eldissvæði 2
1. Lagareldisfyrirtæki	1.1.1. Heiti: — Lagareldisfyrirtækis — Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis 1.1.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar	1.2.1. Heiti: — Lagareldisfyrirtækis — Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis 1.2.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar
2. Skráningarnúmer (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á)	2.1.	2.2.
3. Landfræðileg lega og hnitakerfi (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á)	3.1.	3.2.
4. Tegundir dýra sem eru haldin ⁽¹⁾ (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á, og með tilliti til næmleika fyrir tilteknum sjúkdómum)	4.1.1. Martelíuveikisýkill NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.1.2. Ostruveikisýkill NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar	4.2.1. Martelíuveikisýkill NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar 4.2.2. Ostruveikisýkill NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar
5. Viðurkennt heilbrigðisástand ⁽²⁾ (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á)	5.1.1. Martelíuveikisýkill 5.1.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.1.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.1.4. Annað 5.1.2. Ostruveikisýkill 5.1.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.2.4. Annað 5.1.3. Aðrir sjúkdómar ⁽³⁾ 5.1.3.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.3.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.3.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.3.4. Annað	5.2.1. Martelíuveikisýkill 5.2.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.1.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.1.4. Annað 5.2.2. Ostruveikisýkill 5.2.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.2.4. Annað 5.2.3. Aðrir sjúkdómar ⁽³⁾ 5.2.3.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.3.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.3.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.3.4. Annað
6. Tegund eldisstöðvar eða eldissvæðis ⁽⁴⁾ (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á)	6.1.1. Lindýraeldisstöð, opin 6.1.2. Lindýraeldisstöð, lokuð (hringrás) 6.1.3. Afgreiðslustöð, hreinsunarstöð 6.1.4. Lindýraeldissvæði 6.1.5. Rannsóknarstöð 6.1.6. Sóttvarnaraðstaða 6.1.7. Annað	6.2.1. Lindýraeldisstöð, opin 6.2.2. Lindýraeldisstöð, lokuð (hringrás) 6.2.3. Afgreiðslustöð, hreinsunarstöð 6.2.4. Lindýraeldissvæði 6.2.5. Rannsóknarstöð 6.2.6. Sóttvarnaraðstaða 6.2.7. Annað
7. Framleiðsla í eldisstöð eða á eldissvæði ⁽⁴⁾ (fyrir hverja eldisstöð eða hvert eldissvæði, eins og við á)	7.1.1. Klakstöð 7.1.2. Uppeldisstöð 7.1.3. Eldi 7.1.4. Annað	7.2.1. Klakstöð 7.2.2. Uppeldisstöð 7.2.3. Eldi 7.2.4. Annað

⁽¹⁾ Smitnæmar tegundir og tegundir sem eru smitferjur eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.⁽²⁾ Merkja skal við reitinn „Annað“ ef eldisstöðin eða eldissvæðið fellur undir útrýmingaráætlun eða varnarráðstafanir samkvæmt 3., 4., 5. eða 6. lið V. kafla tilskipunar 2006/88/EB.⁽³⁾ Gildir eingöngu fyrir aðildarríki, svæði eða hólfi með ráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.⁽⁴⁾ Merkja má við tvo eða fleiri reiti.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR LAGARELDISFYRIRTÆKI SEM HALDA KRABBADÝR

(SEM UM GETUR Í c-LIÐ 2. MGR. 2. GR.)

Upplýsingar í samræmi við 59. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Upplýsingar	Eldisstöð 1	Eldisstöð 2
1. Lagareldisfyrirtæki	1.1.1. Heiti: — lagareldisfyrirtækis — eldisstöðvar 1.1.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar	1.2.1. Heiti: — lagareldisfyrirtækis — eldisstöðvar 1.2.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar
2. Skráningarnúmer (fyrir hverja eldisstöð)	2.1.	2.2.
3. Landfræðileg lega og hnitakerfi (fyrir hverja eldisstöð)	3.1.	3.2.
4. Tegundir dýra sem eru haldin ⁽¹⁾ (fyrir hverja eldisstöð og með tilliti til næmleika þeirra fyrir tilteknum sjúkdómum)	4.1.1. Hvítblettaveiki NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar	4.2.1. Hvítblettaveiki NEI, engar smitnæmar tegundir eða smitferjur eru til staðar JÁ, smitnæmar tegundir eru til staðar JÁ, tegundir sem eru smitferjur eru til staðar
5. Viðurkennt heilbrigðisástand (fyrir hverja eldisstöð) ⁽²⁾	5.1.1. Hvítblettaveiki 5.1.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.1.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.1.4. Annað 5.1.2. Aðrir sjúkdómar ⁽³⁾ 5.1.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.1.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.1.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.1.2.4. Annað	5.2.1. Hvítblettaveiki 5.2.1.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.1.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.1.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.1.4. Annað 5.2.2. Aðrir sjúkdómar ⁽³⁾ 5.2.2.1. Lýst sjúkdómslaus 5.2.2.2. Fellur undir eftirlitsáætlun 5.2.2.3. Ekki vitað til að sýking sé til staðar 5.2.2.4. Annað
6. Tegund eldisstöðvar ⁽⁴⁾ (fyrir hverja eldisstöð)	6.1.1. Lón/búr/kvía 6.1.2. Tjarnir á landi 6.1.3. Tankar/lengdarstraumsrennur 6.1.4. Lokuð hringrás á landi 6.1.5. Rannsóknarstöð 6.1.6. Sóttvarnaraðstaða 6.1.7. Annað	6.2.1. Lón/búr/kvía 6.2.2. Tjarnir á landi 6.2.3. Tankar/lengdarstraumsrennur 6.2.4. Lokuð hringrás á landi 6.2.5. Rannsóknarstöð 6.2.6. Sóttvarnaraðstaða 6.2.7. Annað
7. Framleiðsla í eldisstöð ⁽⁴⁾ (fyrir hverja eldisstöð)	7.1.1. Klakstöð 7.1.2. Uppeldisstöð 7.1.3. Eldi 7.1.4. Annað	7.2.1. Klakstöð 7.2.2. Uppeldisstöð 7.2.3. Eldi 7.2.4. Annað

⁽¹⁾ Smitnæmar tegundir og tegundir sem eru smitferjur eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.⁽²⁾ Merkja skal við reitinn „Annað“ ef eldisstöðin fellur undir útrýmingaráætlun eða varnaráðstafanir skv. 3., 4., 5. eða 6. lið V. kafla tilskipunar 2006/88/EB.⁽³⁾ Gildir eingöngu fyrir aðildarríki, svæði eða hólf með ráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB.⁽⁴⁾ Merkja má við tvo eða fleiri reiti.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR VIÐURKENNDAR VINNSLUSTÖÐVAR ÞAR SEM LAGARELDISDÝRUM ER SLÁTRAD VEGNA SJÚKDÓMSVARNA, SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR. TILSKIPUNAR 2006/88/EB.**(SEM UM GETUR Í d-LIÐ 2. MGR. 2. GR.)****Upplýsingar í samræmi við 59. gr. tilskipunar 2006/88/EB**

Upplýsingar	
1. Vinnslustöð	1.1.1. Heiti 1.1.2. Heimilisfang eða staðsetning
2. Skráningarnúmer	2.1.
3. Landfræðileg lega og hnitakerfi	3.1.
4. Tegundir dýra sem eru unnin	4.1.1. Fiskur 4.1.2. Lindýr 4.1.3. Krabbadýr
5. Tegund vatnsfrárennslireinsunarkerfis	

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2013